

4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

<p>Þemu</p> <p>Að hve miklu leyti skólinn:</p> <ul style="list-style-type: none">• hvetur til nýbreytni og styður við umbótastarf, lærir af frumkvöðla-starfi og tileinkar sér árangur þess• hefur áhrif á stefnu og starf í víðu samhengi• sér fyrir og bregst fljótt og á sveigjanlegan hátt við breytingum• lætur sig varða og tekur þátt í samræðu um málefni heimsins	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreininir varðar áhrif skólans á samfélagið í heild, þar með talið menntasamfélagið í víðum skilningi. Hann fjallar um hvernig menning skólans stuðlar að nýjungum og styður við skapandi starf og nýbreytni. Jafnframt hvernig skólinn axlar ábyrgð sína, eftir því sem honum er unnt, á að deila með öðrum árangri í starfi og útbreiða hann. Einnig að vera skóli sem leitar sóknarfæra og gengur vel að takast á við breytingar. Þessi gæðagreininir tekur ennfremur á áhrifum skólans á þróun skólastarfs í víðu samhengi¹.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">• Við erum vel upplýst um þróunarverkefni sem tengja okkur við aðra skóla á landinu eða í öðrum löndum, og í sumum tilfellum þátttakendur í slíkum verkefnum. Við höfum tileinkað okkur og lagað að aðstæðum okkar frumkvöðlaverkefni jafnt frá innlendum sem erlendum skólum. Við vinnum með ýmsum aðilum, s.s. öðrum skólum, sjálfboðasamtökum og góðgerðafélögum sem hafa eftirsóknarverð markmið um þróun samfélags og umhverfis og hafa átt þátt í að auka gæði skólastarfs og þjónustu við nemendur.• Við erum þátttakendur í þróunarverkefnum í samstarfi við menntayfirvöld á sveitarfélagsstigi eða á landsvísu.• Skólinn okkar leggur áherslu á að tileinka sér nýjar aðferðir til að mæta breyttum þörfum. Við tryggjum að ákvarðanir sem teknar eru í skólastarfi séu nemendum ætíð til hagsbóta.• Skólinn okkar beinir sjónum út á við. Við erum vel meðvituð um og tökum þátt í umræðum um málefni er snertir fólk á ólíkum svæðum. Við menntum nemendur okkar til að taka þátt í sjálfbærri þróun og búum þá undir þátttöku í samfélagi þjóðanna.	
<p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">• Skólamenning okkar einkennist hvorki af nýsköpun né vilja til umbóta. Skólinn býður upp á menntun sem mætir nokkurn veginn þörfum nemenda. Sjaldan er unnið að nýsköpunarverkefnum og við leitumst ekki við að læra af góðri reynslu annarra skóla, hvorki hér á landi né erlendis.• Fáir starfsmenn taka þátt í störfum um skólamál utan skólans. Skólinn okkar hefur lítil áhrif á skólastarf utan okkar samfélags.• Við bregðumst ekki nógu vel við breytingum. Við höfum yfirleitt ekki frumkvæði að breytingum þegar þörf er á varðandi nám og kennsluhætti til hagsbóta fyrir nemendur.• Við höfum takmarkaðan skilning á málefnum samfélagsins og búum nemendur okkar ekki undir virka þátttöku í alþjóðasamfélaginu.	

¹ Vísbendingar koma frá þróunarvinnu sem á rætur að rekja til fyrirmynda að gæðastarfi innanlands eða erlendis frá eða til reynslu starfsmanna sem hafa áhrif á þróun í víðu samhengi.